

AUGLÝSING

varðandi viðmiðunarreglur aðalnámskrár framhaldsskóla um námsframvindu nemenda vegna skólaársins 2000-2001.

1. gr.

Menntamálaráðherra tekur fram eftirfarandi varðandi viðmiðunarreglur framhaldsskóla um námsframvindu nemenda í framhaldsskólum, sbr. bls. 39-40 í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta:

Þrátt fyrir ákvæði aðalnámskrár um að nemandi skuli ljúka 9 einingum á önn hið minnsta eða ná fullnægjandi námsárangri í námi sem svarar til 18 kennslustunda á viku, er skóla-meisturum heimilt að víkja frá því ákvæði vegna yfirstandandi skólaárs í ljósi hinna sérstöku aðstæðna er uppi eru vegna verkfalla framhaldsskólakennara á haustönn.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 2001.

Björn Bjarnason.

Pórunn J. Hafstein.